

Dreifibréf 05/2020/LST

Auglýsingar lausasölu lyfja

Lyfjastofnun vekur athygli á að lyfjabúðir hafa einungis heimild til að auglýsa og kynna verð og/eða afsláttarkjör lausasölu lyfja, sbr. 2. mgr. 16. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 og 37. gr. reglugerðar um lyfsölu leyfi og lyfjabúðir nr. 426/1997. Skulu slíkar auglýsingar því settar fram með þeim hætti að einungis sé verið að auglýsa verð eða afsláttarkjör viðkomandi lyfs og án þess að fjallað sé um eiginleika lyfsins.

Lyfjastofnun bendir á að stofnunin hefur gefið út [ítarlegar leiðbeiningar](#) um lyfjaauglýsingar. Í leiðbeiningunum er fjallað um takmarkanir á heimild lyfjabúða til auglýsinga og lögð er áhersla á mikilvægi þess að þær kröfur sem gerðar eru til lyfjaauglýsinga séu virtar. °

Lyfjastofnun, 29. maí 2020